# DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2793 Síðan 1968 58. árgangur

Fimmtudagur 13. mars 2025

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss


## Heilluðust að Íslandi og opna indverskan veitingastað á Selfossi

Hjónin Sush og Monish Mansharamani eru að opna nýjan indverskan veitingastað á Selfossi sem ber heitið Arekie. Þau reka nú þegar matarvagna með sama nafni í Bandaríkjunum en eru nú flutt á Selfoss eftir að hafa heillast af bænum. Arekie verður í gamla Sigtúni, við hlið ráðhússins.

Arekie mun bjóða upp á fjölbreyttan matseðil með áherslu á indverska matargerð í bland við mat frá öðrum löndum. Monish er frá Indlandi og Sush upprunalega frá Spáni og er markmið þeirra að sameina þjóðerni sín í matnum. „Við höfum ferðast mikið og viljum við líka bjóða upp á mat frá löndum sem við höfum komið til,“ segir Sush í samtali við Dagskrána.



*Hjónin Monish og Sush Mansharamani. Ljósmynd: Dagskráin/EHJ.*

Sush og Monish stofnuðu Arekie árið 2019 í Flórída í Bandaríkjunum. Þaðan fluttu þau starfsemina til Oregon og opnuðu svo seinna annan stað og reka því nú tvo staði í Bandaríkjunum. Ástæðan fyrir því að þau komu með veitingastaðinn til Íslands var sú að þau ferðuðust til landsins árið 2019 og heilluðust af því. Það var um sama leyti og þau opnuðu fyrsta staðinn sinn í Bandaríkjunum og sögðu þau að Ísland væri draumastaðsetningin þeirra fyrir veitingastaðinn.

Upprunalega hugmyndin var að opna Arekie í Reykjavík. „Reykjavík er staðurinn sem kemur upp í hugann þegar maður hugsar um Ísland. Svo við prófuðum markaðinn þar en það eru nú þegar nokkrir indverskir veitingastaðir þar og margir aðrir staðir. Við vorum að keyra fram hjá Selfossi einn daginn og sáum hvað bærinn var fallegur. Við sáum meiri möguleika hér en í Reykjavík,“ segir Monish í samtali við Dagskrána.

Monish segir meginmarkmið þeirra Sush vera að þjónusta samfélagið. „Við viljum vera partur af því og fá heimamenn til okkar. Ef fólk vill borða indverskan mat með fjölskyldunni og eiga góða stund ætti það að koma til okkar. Við einblínum ekki á ferðamenn sem koma og fara, heldur samfélagið fyrst og fremst.“

Monish og Sush plana að opna Arekie 1. apríl ef allt gengur eftir. Þau segjast vera mjög spennt að opna dyrnar fyrir fólki þar sem ferlið sé búið að vera langt og strangt. Þau fluttu á Selfoss í október og hafa unnið hörðum höndum síðan að koma öllu heim og saman. Markmið þeirra er að fólk komi og dáist ekki bara að matnum heldur líka að staðnum sjálfum. *EHJ*

## Lífgas ehf. rekstrarfélag stofnað um lífgas- og áburðarvinnslu í Bláskógabyggð

Gengið hefur verið frá stofnun rekstrarfélags um lífgas- og áburðarvinnslu í Bláskógabyggð. Félagið, Lífgas ehf, hyggst reisa lífgas- og áburðarver í uppsveitum Árnessýslu og nýta til þess mykju frá kúabúum og afskurð frá garðyrkjustöðvum í uppsveitunum. Ætlunin er að fá 30 kúabændur og sem flestar garðyrkjustöðvar í Reykholti, Flúðum og nágrenni til liðs við félagið. Afurðir lífgas- og áburðarversins verða lífkoltvísýringur, lífrænn áburður, rafmagn og hiti. Verið mun safna um 50 tonnum af mykju og garðyrkjuúrgangi, hann gerjaður og við það fæst auðleystari lífrænn áburður sem skilað verður aftur til kúabænda auk koltvísýrings til garðyrkjustöðvanna. Hiti og rafmagn verða nýtt í þágu samfélagauppsveitanna.



*Stofnendur Lífgass ehf, f.v. Helgi Jakobsson, Axel Sæland, Ásta Stefánsdóttir (sveitarstjóri Bláskógabyggðar), Knútur Rafn Ármann og Helgi Kjartansson..*

Stofnendur félagsins eru Sveitarfélagið Bláskógabyggð og garðyrkjustöðvarnar Friðheimar, Gufuhlíð og Espiflöt en ætlunin er að fá fleiri bændur í uppsveitunum með í félagið. Hugmyndafræðin á bak við lífgasver var kynnt á fjölmennum bændafundi í Reykholti í október sl. og varð strax vart við mikinn áhuga bænda á fyrirhugaðri starfsemi. Á næstu vikum verður starfsemi félagsins kynnt betur meðal kúa- og garðyrkjubænda og gengið frá lokaútgáfu viðskiptaáætlunar sem Orkídea, samstarfsverkefni um nýsköpun í matvælaframleiðslu á Suðurlandi, hefur unnið m.a. með aðstoð danskra sérfræðinga og með styrk frá Garðyrkjudeild Bændasamtakanna. Til að fjármagna lífgasverið er stefnt að öflun styrkja úr nýjum Orku- og loftslagssjóði auk lánsfjármögnunar. Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir um 900 mkr fjárfestingu í verinu. Það mun spara árlega um 16.000 tonn af losun kolefnisígilda í formi minni metanlosunar. Stofnun rekstrarfélags á Suðurlandi um lífgasframleiðslu er mikill áfangasigur á þeirri vegferð að auka fyrirsjáanleika í rekstri og hagkvæmni í landbúnaði og ylrækt og jafnfram tað mæta auknum kröfum um hringrás og skilvirkari og umhverfisvænni auðlindanýtingu.






## Opinn fundur

Hagavatnsvirkjun ehf. hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats allt að 9,9 MW virkjunar Hagavatns í Bláskógabyggð.

Umhverfismatsskýrslan verður kynnt á opnu húsi miðvikudaginn 19. mars nk. milli kl. 16:00 og 19:00 í Úthlíð. Allir sem vilja kynna sér fyrirhugaða framkvæmd eru velkomnir.



## Punktastýrð opnun á sumartímabili á orlofsvef FOSS verður svona:

17. mars 2025 opnar fyrir félagsfólk sem á 400 – 1000 punkta.
19. mars 2025 opnar fyrir félagsfólk sem á 250 – 1000 punkta.
21. mars 2025 opnar fyrir alla félagsmenn, óháð punktastöðu.

Félagar í lífeyrisdeild geta sótt um á orlofsvefnum eftir 10. apríl 2025.

FOSS
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU



Heima
BISTRO, COFFEE, BAR

**Okkur vantar fleiri hendur.**

Við á Heima Bistro í Þorlákshöfn óskum eftir manneskju í létt eldhússtörf og uppvask. Það að tala góða ensku og/eða íslensku. Öll kyn hvött til að sækja um.

Umsóknir sendir á: infoheimabistro@gmail.com





# Verðlaun veitt á uppskeruhátíð Sleipnis

Uppskeruhátíð Sleipnis var haldin í Þingborg við hátíðlega athöfn þann 8. mars sl. Verðlaun voru veitt fyrir árangur í ýmsum flokkum.

**Eftirfarandi verðlaun voru veitt:**

**Bestu tímar í skeiðgreinum:**
250 m skeið: Sigursteinn Sumarliðason á Krókusi frá Dalbæ á tímanum 21,35 sek sem jafnframt varð besti tími ársins

150 m skeið: Larissa Silja Werner á Hyl frá Kjarri á tímanum 14,97 sek

100 m skeið: Sigursteinn Sumarliðason á Krókusin frá Dalbæ á tímanum 7,33 sek.

**Ræktunarbikar Sleipnis**
Gefinn hæst dæmda kynbótahrossinu á árinu sem ræktaður er af Sleipnisfélaga:

Safír frá Laugardælum - Safír hlaut 8,81 í aðaleinkunn í 5. vetra flokki stóðhesta á Landsmóti hestamanna í Reykjavík, ræktandi: Malin Linnea Birgitta Widar

**Sérstakar viðurkenningar:**
Sigursteinn Sumarliðason - Íslandsmeistari í 250 m skeiði á Krókusi frá Dalbæ

Guðmunda Ellen Sigurðardóttir - Íslandsmeistari í fjórgangi meistaraflokki á Flaumi frá Fákshólum



*Talið frá hægri: Helgi Þór Guðjónsson (gæðingaknapi ársins), Guðmunda Ellen Sigurðardóttir (íþr.knapi ársins), Védís Huld Sigurðardóttir (knapi ársins í ungmennaflokki), Þórdís Sigurðardóttir sem tók á móti verðlaunum fyrir hönd Soffíu Sveinsdóttur knapa ársins í flokki áhugamanna, Ari Björn Thorarensen eigandi Krókusar frá Dalbæ tók á móti verðlaunum fyrir hönd Sigursteins Sumarliðasonar knapa ársins.*



*Talið frá hægri: Ari Björn fyrir hönd Sigursteins Sumarliðasonar Íslandsmeistara í 250 m skeiði, Guðmunda Ellen Sigurðardóttir Íslandsmeistari í fjórgangi meistaraflokki, Védís Huld Sigurðardóttir Norðurlandameistari í 5gangi ungmenna.*



*Vinningshafar ásamt formanni.*

Védís Huld Sigurðardóttir - Norðurlandameistari í fimmgangi ungmenna á Búa frá Húsavík

**Félagar ársins:**
Stefán Bjartur Stefánsson og Linda Rut Ragnarsdóttir

Klárhestaskjöldurinn:
Þröstur frá Kolsholti

Sleipnisskjöldurinn:
Kolbeinn frá Hrafnsholti

**Knapar ársins:**
**Íþróttaknapi ársins:**
Guðmunda Ellen Sigurðardóttir: Varð í 2.sæti í einstaklingskeppninni í 1.deildinni í hestaíþróttum, sigraði fimmgang og 2.sæti í fjórgangi í Suðurlandsdeildinni, var í 1.-2.sæti í fjórgangi og í B-úrslitum í slaktaumatölti á Reykjavíkurmótinu, varð Íslandsmeistari í fjórgangi meistaraflokki og í A-úrslitum í slaktaumatölti á sama móti.

**Gæðingaknapi ársins:**
Helgi Þór Guðjónsson sigraði glæsilega B-flokk á gæðingamóti Sleipnis og endaði í 2.sæti í B-flokki gæðinga á landsmóti hestamanna þar sem munurinn var einungis 0,02 á 1. og 2.sæti.

**Knapi ársins í ungmennaflokki:**
Védís Huld Sigurðardóttir en hún sigraði einstaklingskeppnina í meistaradeild ungmenna, sigraði fimmgang ungmenna á WR íþróttamóti Sleipnis, var í þrennum A-úrslitum á Rreykjavíkurmeistaramótinu, sigraði ungmennaflokk á gæðingamóti Sleipnis, varð í 2.sæti í B-flokki ungmenna á landsmóti hestamanna og varð Norðurlandameistari í fimmgangi ungmenna.

**Knapi ársins í flokki áhugamanna:**
Soffía Sveinsdóttir varð í 2.stæti í tölti og slaktaumatölti í áhugamannadeildinni, varð í 6.sæti í tölti í suðurlandsdeildinni, 2.sæti í tölti á WR íþróttamóti Sleipnis og 4.sæti í fjórgangi á sama móti, 3.sæti í tölti á Reykjavíkurmeistaramótinu og endaði í 4.sæti í töltinu á gæðingamótinu á Flúðum þar sem hún var eini áhugamaðurinn í úrslitunum.

**Knapi ársins hjá Sleipni:**
Sigursteinn Sumarliðason en hann átti frábært ár.

Sigursteinn varð Íslandsmeistari í 250 m skeiði með besta tíma ársins á Krókusi frá Dalbæ, hann hlaut bronsverðlaun í 100 m skeiði á sama móti á sama hesti. Hann hlaut silfur í 100 m skeiði á landsmóti hestamanna og silfur í 250 m skeiði á sama móti á Krókusi frá Dalbæ.

Eftir árið er Sigursteinn og Krókus frá Dalbæ í 2.sæti í Íslenska stöðulistanum bæði í 250 og 100 m skeiði, hann er annar á alþjóðlega stöðulista FEIF í 250 m skeiði og áttundi á alþjóðlega stöðulistanum í 100 m skeiði.

# Þrjár ráðnar í nýtt markaðsteymi Samkaupa

Samkaup styrkir markaðsteymið sitt með þrem ráðningum í nýja markaðsdeild fyrirtækisins. Ráðningarnar eru liður í stefnumótun sem felur í sér aukna áherslu á markaðsmál með stofnun nýrrar markaðsdeildar sem starfar þvert á verslanir og vörumerki fyrirtækisins.

Halldóra Fanney Jónsdóttir, Auður Erla Guðmundsdóttir og Sunna Ösp Þórsdóttir hafa verið ráðnar sem sérfræðingar inn á nýstofnaða markaðsdeild Samkaupa. Þar starfa fyrir Vigdís Guðjohnsen, markaðsstjóri Nettó, sem mun leiða nýja deild, og Hugi Halldórsson, viðskiptastjóri Vildarkerfis Samkaupa og staðgengill markaðsstjóra Kjörog Krambúðanna. Halldóra Fanney og Auður Erla mæta nýjar til leiks til Samkaupa en Sunna Ösp starfaði áður í upplýsingatæknideild fyrirtækisins og færist því yfir í nýja deild. Þær hafa allar hafið störf.

### Halldóra Fanney Jónsdóttir

hefur tekið við stöðu verkefnastjóra markaðsmála hjá Samkaupum og mun stýra verkefnum þvert á verslanamerki Samkaupa. Hún kemur til fyrirtækisins frá flugfélaginu PLAY þar sem hún starfaði í markaðsdeild flugfélagsins og stýrði ólíkum verkefnum, allt frá viðburðum, auglýsingum og kvikmyndatökum. Halldóra hefur bakgrunn í verkefnastjórn, þróun þjónustulausna, markaðssetningu og mannauðsmálum. Halldóra er með meistaragráðu í mannauðsstjórnun frá Háskólanum í Reykjavík og BA-gráðu í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands.

### Auður Erla Guðmundsdóttir

hefur hafið störf sem grafískur hönnuður í nýrri markaðsdeild Samkaupa. Hún kemur frá auglýsingastofunni Key of Marketing þar sem hún starfaði sem grafískur hönnuður. Áður hefur hún starfað sjálfstætt sem grafískur hönnuður og sem sjálfstætt starfandi túlkur fyrir Axtent túlkaþjónustu. Hún hefur breiðan bakgrunn í grafískri hönnun og reynslu í samskiptum og markaðsmálum. Auður er með BA-gráðu í grafískri hönnun frá Marbella Design Academy og lokið námskeiði í samfélagstúlkun frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Sem liður í skipulagsbreytingum og stefnumótun innan Samkaupa hafa vefmál fyrirtækisins verið færð nær markaðsmálum og heyrir vefstjóri Samkaupa nú undir nýstofnaða markaðsdeild.

### Sunna Ösp Þórsdóttir

er því nýr vefstjóri í markaðsdeild. Hóf hún störf hjá Samkaupum í maí árið 2024, þá í upplýsingatæknideild. Sunna er vefhönnuður úr Vefskólanum, en hún nam einnig grafíska hönnun í Tækniskólanum. Áður starfaði hún við stafræna hönnun hjá Krýsuvík og einnig sjálfstætt að ýmsum hönnunarverkefnum, þar á meðal vefsíðu- og viðmótshönnun. Sunna bætir við breiddina á markaðssviði og getur nú betur tryggt samhæfingu í þróun vefmála og markaðsmála.

### Vigdís Guðjóhnssen, markaðsstjóri Nettó:

„Ég er gífurlega ánægð að fá Halldóru, Sunnu Ösp og Auði inn í nýstofnaða markaðsdeild fyrirtækisins en ráðningarnar eru liður í því að setja aukinn kraft í markaðsmál fyrirtækisins. Saman hafa þær gífurlega umfangsmikla reynslu af ólíkum sviðum og teymið því orðið gífurlega öflugt og vel í stakk búið til þess að takast á við verkefnin sem eru framundan. Samkaup hefur verið á spennandi vegferð síðasta árið og mikil vinna verið lögð í að byggja upp ólík svið fyrirtækisins. Við höfum því frá morgu að segja frá og ég hlakka til að vinna áfram með teyminu," segir Vigdís Guðjohnsen, markaðsstjóri Nettó.



*Fr.v. Sunna Ösp Þórsdóttir, Halldóra Fanney Jónsdóttir, Hugi Halldórsson, Auður Erla Guðmundsdóttir og Vigdís Guðjohnsen.*



# Fólk vill starfa í sóknarnefnd

Fyrir stuttu var haldinn aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar þar sem m.a. urðu nokkrar breytingar á nefndarmönnum í sóknarnefnd. Fundurinn fór fram miðvikudaginn 19. febrúar sl. kl. 20.00 í safnaðarheimili Selfosskirkju. Á fundinum fóru fram almenn aðalfundarstörf, en fundarstjóri var Elínborg Gunnarsdóttir og fundarritari Guðrún Tryggvadóttir. Á fundinum lá frammi ársskýrsla sóknarnefndar og skýrslur starfsmanna kirkjunnar. Þar var tilgreint allt það góða starf sem fram fer í kirkjunni og einnig reikningar lagðir fram. Eitt stærsta verkefni sóknarnefndar á sl. ári var að láta lagfæra kirkjuna að utanverðu, hún var heilmáluð, þ.e., þak, veggir og gluggar. Þrátt fyrir erfitt sumar í fyrra tókst fyrirtækinu Múr og málun að ljúka því vel. Í skýrslu sóknarprestsins, sr. Guðbjargar Arnardóttur, kemur fram m.a. að á árinu voru haldnar 57 messur þar sem 5859 kirkjugestir mættu. Morgunbænir voru 88, mættir 474, hjónavígslur voru 25, útfarir 62, skírnir 70 og fermingar 121. Fyrir lá að fjórir áttu að ganga úr aðalstjórn og fjórir úr varastjórn samkvæmt lögum. Í aðalstjórn voru endurkjörin Guðrún Tryggvadóttir og þau Eyjólfur Sturlaugsson og Elínborg Gunnarsdóttir, sem komu bæði úr varastjórn, þá kom Hafdís Kristjánsdóttir ný í sóknarnefndina. Í varastjórn var endurkjörinn Örn Grétarsson, Jóhann S. Bjarnason kom úr aðalstjórn, Petra Sigurðardóttir endurkjörin í varastjórn og nýr kemur inn Hróbjartur Eyjólfsson. Þau Fjóla Kristinsdóttir og Guðmundur Björgvin Gylfason gáfu ekki kost á sér. Hefur Fjóla verið í átta ár í sóknarnefnd og Guðmundur Björgvin í fjögur ár. Var þeim þökkuð vel unnin störf í þágu kirkjunnar og nýir boðnir velkomnir. Það er góð tilfinning og jákvætt að finna hvað fólk er tilbúið að taka sæti í sóknarnefnd og starfa fyrir kirkjuna sína. Einnig er gleðilegt fyrir okkur að sjá að yfir 70% íbúa í okkar samfélagi eru í þjóðkirkjunni. Það auðveldar okkur að sjálfsögðu að viðhalda kirkjunni, að utan sem innan. Þá styður það einnig vel við æskulýðsstarf kirkjunnar sem Sjöfn Þórarinsdóttir stjórnar. Þá hafa þær Edit Molnár og Bergþóra Kristínardóttir byggt upp mikinn áhuga fyrir barna og unglingasöng og eru um 80 manns syngja í kirkjunni í dag í þremur kórum. En eitt brýnasta verkefni Selfosssafnaðar í dag er að fá nýtt svæði undir kirkjugarð sem bæjaryfirvöld verða að upplýsa okkur um sem fyrst, en núverandi kirkjugarður er óðum að klárast og dugar í mesta lagi í fimm til sex ár. Að lokum minnist ég á næsta ár, 2026, en það er tímamótár í sögu Selfosskirkju, þá eru 70 ár liðin frá vígslu Selfosskirkju og 80 ár liðin frá stofnun kirkjukórs Selfosskirkju. Þegar hefur verið skipað í afmælisnefnd og einnig er nefnd byrjuð að vinna í söguskráningu og söfnun efnis um kirkjuna og kirkjukór. Með góðri kveðju frá Selfosskirkju.

*Björn Ingi Gíslason,*
*formaður sóknarnefndar*
*Selfosskirkju.*



*Frá útimessu í miðbæ Selfoss sl. sumar. Sr. Guðbjörg Arnardóttir, Kirkjukór Selfosskirkju, stjórnandi Edit Molnár, ásamt Dan Cassigy á gítar og Hugrúnu Birnu Hjaltadóttur á fiðlu.*



*Frá síðasta hreinsunardegi Selfosskirkju. Næsti hreinsunardagur er 27. apríl.*

## Sunnlenski matgæðingurinn

# Einfaldur og góður kjúklingaréttur

*Karen Elva Jónsdóttir er matgæðingur vikunnar.*



Það er mikill heiður að fá að vera matgæðingur vikunnar. Ég hef gaman af því að dunda mér í eldhúsinu og ætla ég að bjóða Sunnlendingum upp á uppskrift að einföldum og góðum kjúklingarétt.

**Kjúklingaréttur**
**fyrir 5-6 manns**

3-4 kjúklingabringur
Ein stór sæt kartafla
Ein krukka af fetaosti
Einn rauðlaukur (má sleppa)
Ein krukka af grænu pestó
Döðlur að vild

Hita ofninn í 180°C.

Skerið kjúklinginn og sætu kartöfluna niður í litla bita og setjið í eldfast mót ásamt dass af olíu. Hrærið öllu saman með olíunni. Skerið niður rauðlaukinn og setjið í formið. Setjið fetaost yfir allt saman og smá af olíunni með ásamt pestókrukkunni og best er að vera með saxaðar döðlur og blanda öllu vel saman.

Þessu er hent inn í ofn í 45-55 mínútur.

Fullkomin máltíð fyrir fjölskylduna og til að taka með í hádegismat daginn eftir.

Ég ætla að fá að skora á gamla góða vinkonu, hana Hönnu Björgu Hjartardóttur, sem næsta matgæðing. Ég veit að hún lumar á einhverri frábærri uppskrift.

*Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.*

## Íbúaþing fyrir 60 ára og eldri í Hveragerði

# Staða mála og framtíðarsýn

Öldungaráð í Hveragerði mun standa fyrir íbúaþingi um málefni íbúa 60 ára og eldri á Hótel Örk laugardaginn 22. mars kl. 11:00 – 13:00.

Á þinginu verður boðið upp á súpu og brauð og eru gestir beðnir að skrá þátttöku sína á heimasíðu Hveragerðis.

Á dagskrá þingsins eru stutt erindi um öldungaráð og velferðarþjónustu, kynning á verkefninu Gott að eldast og vitundarvakning um heilbrigða öldrun.

Á þinginu gefst þátttakendum einnig tækifæri á að skrá hugmyndir sínar og framtíðarsýn er varðar t.d. búsetu, félagslíf, heilsurækt og aðra þjónustu fyrir þennan stóra aldurshóp í bænum. Öldungaráð mun síðan greina þessi gögn og skila niðurstöðum til bæjarstjórnar.

Vonast er til að sem flestir bæjarbúar á þessu aldurskeiði sjái sér fært að mæta og leggja sitt af mörkum við að móta góða og farsæla framtíð fyrir eldri borgara í Hveragerði.



# Smábókasmiðja að japönskum hætti á Bókasafni Árborgar

Fimmtudaginn 13. mars kl. 16 verður spennandi námskeið á Bókasafni Árborgar Selfossi. Listakonan Polina Sirojegina ætlar að kenna þátttakendum að handgera sínar eigin skissubækur með japanskri bókbindingaaðferð. Hver þátttakandi velur stærð sinnar bókar, lit bandsins og tilgang bókarinnar sem getur verið ýmiss konar, til að mynda sem dagbók, uppskriftabók eða skipulagsbók svo dæmi séu tekin. Námskeiðið tekur um 2 – 3 klukkustundir og er öllum velkomið að taka þátt sér að kostnaðarlausu. Allt nauðsynlegt efni til smábókagerðarinnar verður til staðar en þó er öllum velkomið að taka með sinn uppáhalds pappír eða myndlistarvörur. Ráðlagður aldur er 12+.



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
**Útgefandi:** Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
**Ritstjóri:** Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hronn@dfs.is.
**Blaðamaður:** Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
**Auglýsingadeild:** Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
**ISSN 1670-407X**
SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

## Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Páll Jónasson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Fyrir vestan fæddist þessi mær,
ég fullur var að láta Rauð í gær.
Frú sem að ég fæði kaupi hjá,
finna hana svo í görðum má.

Svar við gátu í blaði 2792: **KOSTUR**
2. (**K**)**ostur** - 4. Kven**kostur**

# Heldur fiskasýningu fyrir samnemendur á hverju ári

Aron Helgi Eiríksson er nemandi í 8. bekk í Grunnskólanum í Hveragerði sem hefur gríðarlega mikinn áhuga á mismunandi fisktegundum. Hann hefur haldið metnaðarfullar fiskasýningar fyrir nemendur grunnskóla og leikskóla frá því hann var lítill.

### Tveggja ára á fyrstu sýningunni

Fyrsta sýningin sem Aron tók þátt í var árið 2013 á leikskólanum Undralandi, þegar hann var aðeins tveggja ára. Pabbi hans hélt þá sýninguna, en hann er sjómaður. „Eftir það spratt mikill áhugi hjá Aroni um að halda fleiri fiskasýningar en áhuginn á fiskum hefur alltaf verið til staðar þar sem bæði pabbi hans, Eiríkur Gíslason, vinnur við fisk og afi hans heitinn, Gísli Eiríksson, gerði það líka. Þannig að hann hefur lært frekar mikið af fróðleik um fiska og önnur sjávardýr hjá þeim,“ segir Arnheiður Aldís Sigurðardóttir, móðir Arons, í samtali við Dagskrána.

Aron hélt fiskasýningar með pabba sínum á hverju ári, og stundum tvisvar á ári, eftir þessa fyrstu sem var 2013. Þeir hafa farið með sýningarnar á fleiri leikskóla eins og Óskaland í Hveragerði og Bergheima í Þorlákshöfn. Aron byrjaði svo að sjá um sýningarnar sjálfur í skólanum sínum, Grunnskólanum í Hveragerði, fyrir u.þ.b. tveimur árum síðan en pabbi hans hefur áfram veitt og útvegað fjölbreyttar tegundir af fiskum.

### Stefnir á að veiða fiskana sjálfur

Aron hefur sýnt og sagt frá fjölda tegunda af fiskum, sem velta aðallega á hvað veiðist hjá pabba hans. Dæmi um tegundir eru algengar fisktegundir eins og þorskur, ýsa, karfi, ufsi, skata og steinbítur. En hann hefur líka sýnt alls konar háfa - bláháf, brúnháf, rauðháf, gráháf og svartháf til dæmis. Hann sýnir líka sjaldgæfar tegundir eins og rottufisk (geirnyt), trjónufisk (geirnef), sædjöful, surta, búra og margt fleira. Hann er líka með margar krabbategundir. Má þar nefna Grænlandskrabba, trónukrabba, nornakrabba, töskukrabba, kuðungkrabba og humar.

Nemendur Grunnskólans í Hveragerði eru alltaf spenntir fyrir sýningunni hans Arons og er hún það vinsæl að krakkar sem fluttir eru úr bæjarfélaginu gera sér sér ferð í skólann til að sjá sýninguna. Kennarar skólans segja Aron hafa mikla þekkingu um fiskana og að áhuginn skíni í gegn hjá honum. Hann stefnir nú á að veiða fiskana sjálfur fyrir næstu sýningu.














OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 15.MARS KL.13-14 HELLA.

Sérlega vönduð raðhús á einni hæð.
Til afhendingar fljótlega fullbúin að utan og tilbúin til innréttinga.









**Kjarralda 6A-6C:**
4ra herbergja raðhús ásamt bílskúr
Stærð 130 fm
Verð 53-54,9 mkr.

**Sporðalda 1A-1D:**
3ja til 4ra herbergja raðhús
Stærð 94,5-120,7 fm
Verð 41,5-49,9 mkr.





**Ólafur B. Blöndal**
*Löggiltur fasteignasali*
S: 690 0811
olafur@gimli.is

**Lilja Hrafnberg**
*Löggiltur fasteignasali*
S: 820 6511
lilja@gimli.is

GIMLI FASTEIGNASALA



Kæru félagsmenn.

Boðað er hér með til aðalfundar Félags stjórnenda og verður hann haldinn í Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi þann 2. apríl næstkomandi.

Matur verður í boði fyrir fundarmenn við setningu kl 19:00

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á stjornandi@stjornandi.is

**Dagskrá fundarins:**

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Lagabreytingar
- Kosning stjórnar
- Kosning orlofsnefndar
- Önnur mál

Framboð til stjórnar skal berast skriflega á stjornandi@stjornandi.is 14 dögum fyrir settan aðalfund.

Með bestu kveðju

Stjórn Félag Stjórnenda

FÉLAG STJÓRNENDA

## Auglýsing um skipulag

Eftirtaldar deiliskipulagstillögur voru samþykktar í bæjarstjórn Ölfuss þann 27. febrúar 2025. Tillögurnar hafðu áður verið samþykktar til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss.

**Sögusteinn Deiliskipulagsbreyting**
Lögð er fram deiliskipulagsbreyting fyrir Sögustein á Grímslækjarheiði og er stærð skipulagssvæðis um 4,5 ha. Með breytingunni eru byggingarskilmálar uppfærðir í samræmi við endurskoðað Aðalskipulag Ölfus. Lóðir breytast ekki en nýir byggingarreitir eru afmarkaðir innan Hlíðaráss og Sögusteins 1 og skilmálar uppfærðir.

**Hótel í Hafnarvík**
Deiliskipulagið hefur áður verið auglýst en er auglýst að nýju vegna breytingar á aðalskipulagi.
Lagt er fram deiliskipulag fyrir hótel og tengda starfsemi í Hafnarvík. Skipulagið er staðsett á ströndinni suðvestan við Golfvöll Þorlákshafnar. Skilgreind er ein 105.122 m2 lóð fyrir hótelbyggingu og tengda afþreyingarstarfsemi. Heimilt er að hótelbygging verði allt að 4 hæðir en aðrar byggingar á lóð 1-2 hæðir.

**Virkjunarsvæði í Hverahlíð breyting á deiliskipulagi**
Lögð er fram deiliskipulagsbreyting vegna virkjunarsvæðisins í Hverahlíð. Breytingin er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi Ölfuss vegna jarðhitasvæða í Hverahlíð og Meitlum sem er á lokametrum skipulagsferlisins. Orkuveitan gerir ráð fyrir þeim orkukostum sem hafa verið skilgreindir í nýtingarflokki til að viðhalda virkjunum Orku náttúrunnar og eru þeir mikilvægir fyrir hitaveitu og rafmagnsframleiðslu. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er við iðnaðarsvæðin I19 (Hverahlíðarvirkjun) og I20 (Gráuhnúkar)

**Hraunkvíar nýtt deiliskipulag**
Lagt er fram deiliskipulag fyrir Ytri-Grímslæk og Hraunkvíar sem eru saman um 9,2 ha. að stærð. Til stendur að afmarka 14 íbúðalóðir í samræmi við aðalskipulag Ölfuss reit ÍB17.

**Aðalskipulagsbreytingar**

**Bakkamelur – breyting á aðalskipulagi**
Lögð er fram aðalskipulagsbreyting fyrir landið Bakkamel, reit ÍB30 í aðalskipulagi. Skipulagssvæðið verður stækkað úr 28 í 48 Ha og hámarks íbúðamagn aukið úr 25 í 95.

Tillagan var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Ölfus þann 30. janúar 2025 og samþykkt til auglýsingar af Skipulagsstofnun þann 17. febrúar 2025.

**Mýrarsel – breyting á aðalskipulagi**
Lögð er fram aðalskipulagsbreyting vegna Mýrarsels á svæði við rætur Ingólfsfjalls. Samtals eru nú samþykktar 7 íbúðarhúsalóðir og 5 frístundalóðir. Allir landeigendur frístundalóðanna fimm hafa óskað eftir því að breyta frístundalóðunum Mýrarsel 8, 10, 12, 14 og 16 í íbúðarhúsalóðir og hafa áform um að byggja þar íbúðarhús. Aðalskipulagsbreytingin felur í sér að íbúðafjöldi eykst úr 7 í 12.

Tillagan var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 28. nóvember 2024 og samþykkt til auglýsingar af Skipulagsstofnun þann 13. desember 2024.

**Útvíkkun þéttbýlismarka Þorlákshafnar – Lýsing á aðalskipulagsbreytingu**
Lögð er fram aðalskipulagslýsing er fjallar um breytingu þéttbýlismarka Þorlákshafnar. Breytingin felur í sér að þéttbýlismörk eru stækkuð þannig að þau nái út fyrir iðnaðarsvæði á Víkursandi og þau fyrir sunnan Suðurstrandarveg.

Skipulagslýsing var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 27. febrúar 2025.
Tillögurnar verða til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 24. apríl 2025. Hægt er að senda ábendingar, athugasemdir eða fyrirspurnir um málin á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 24. apríl 2025.

**Sigurður Steinar Ásgeirsson**
Skrifstofu- og verkefnastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasvið


# Birta í Stormi



Birta Sólveig Söring Þórisdóttir hefur verið að gera það gott í leiklistinni eftir að hún útskrifaðist sem leikkona frá Listaháskóla Íslands árið 2024. Hún fékk veigamikið hlutverk beint eftir útskrift þar sem hún lék Auði í Litlu hryllingsbúðinni hjá Leikfélagi Akureyrar. Hún lék einnig í áramótaskaupinu og tekur nú þátt í leikritinu Stormur sem frumsýnt var á stóra sviði Þjóðleikhússins 6. mars sl.

### Ást og metnaður á æfingatímabilinu

Birta segir að æfingarnar á Stormi hafi gengið þrusuvel. Það hafi verið mikil ást og metnaður á æfingatímabilinu. „Þetta var sirka 12 vikna æfingaferli sem fólst í að skapa söngnúmerin með Lee Proud, danshöfundinum, Hafsteini Þráinssyni sem samdi tónlistina með Unu Torfadóttur og verkinu sjálfu með Unni Ösp Stefánsdóttur ásamt listræna teyminu," segir Birta í samtali við Dagskrána og bætir við að leikritið hafi nú þegar fengið mjög góðar viðtökur.

Leikritið er um vinahóp sem er að upplifa sitt fyrsta sumar eftir að hafa útskrifast úr framhaldsskóla. Þau finna fyrir tilhlökkuninni, pressunni og óvissunni sem því fylgir. Verkið snýst um Elísubetu sem er ung tónlistarkona og er leikin af Unu Torfadóttur. Við fylgjumst með álaginu sem hún upplifir við að ljúka við sína fyrstu plötu eftir að hafa gefið út vinsælasta lag ársins. Við fylgjumst einnig með vinahópnum hennar sem hangir yfirleitt saman í æfingarrými Elísabetar og eru öll að reyna að finna sitt pláss í lífinu. Elísabet áttar sig á því að hún er ástfangin af bestu vinkonu sinni Helgu og þarf Elísabet að taka ákvörðun um hvort hún ætli að láta hana vita af því. En þegar gleðin er í hámarki hjá vinunum virðist koma skellur sem breytir öllu.

### Mikið af nýjum andlitum í verkinu

Birta fór í prufu fyrir verkið ásamt mörgum öðrum og endaði á að fá hlutverk Tinnu, einnar úr vinahópnum í sýningunni.

Leikhópurinn er ungur og mikið af nýjum andlitum á sviðinu. Má þar nefna Birtu og bekkjarsystkini hennar úr LHÍ, þau Jakob Van Oosterhout og Berglindi Öldu Ástþórsdóttur. Aðrir nýir leikarar eru Salka Gústafsdóttir, Iðunn Ösp Hlynsdóttir og Marinó Máni Mabazza. Hinir í leikhópnum hafa unnið í húsinu talsvert lengur, t.d. Sigurbjartur Sturla, Hildur Vala, Kjartan Darri, Hallgrímur Ólafsson og Nína Dögg.

Birta segist alltaf geta lært af kollegum sínum. „Allir hafa mismunandi nálganir að vinnunni sinni og það er svo mikilvægt að prófa alls konar til að sjá hvað hentar manni sjálfum."

Aðspurð að því hvernig henni finnist að standa á stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu segir hún það vera sturlað en sé þó byrjuð að venjast því.

### Hollt að búast ekki við neinu

Áður en Birta fékk hlutverk í Þjóðleikhúsinu var hún í hlutverki Auðar í Litlu hryllingsbúðinni hjá Leikfélagi Akureyrar. Hún fékk hlutverkið beint eftir útskrift úr leiklistarskólanum. Hún segist ekki hafa búist við að fá svona veigamikil hlutverk eins fljótt og raunin varð.

„Mér fannst hollt að búast ekki við neinu. Þótti skynsamlegra að hafa „back-up plan" og hugmyndir að verkefnum í vasanum sem ég hef ástríðu fyrir. En líka, þrátt fyrir að hafa fengið þessi tækifæri, er ég enn með fullan vasa sem ég mun líklegast sinna í framtíðinni."

Hún segir ekkert leyndarmál liggja að baki velgengninni. „Ég finn mitt hjarta slá í þessum geira og hef lært alls konar nálganir að þessu listformi í náminu mínu sem ég held áfram að þróa, bæta og finna. Leikaravinnan verður aldrei fullkláruð málverk. Þú ert stöðugt að vinna í forminu. Það er kannski leyndarmálið."

### Tíminn í leiklistarskólanum frábær

Birta segir tímann í leiklistarskólanum hafa verið frábæran. „Ég kynntist mínum nánustu kollegum þar. Við fengum svo mikið út úr því að vinna öll saman, sérstaklega leikararnir og sviðshöfundarnir en oft líka dansararnir. Mér þykir óendanlega vænt um kennarana mína og hvað þau gáfu öll mikið af sér til að reyna að gefa okkur það nám sem við áttum skilið."

Þegar Birta rifjar upp uppáhaldsminninguna sína úr skólanum sem hún tekur með sér út í lífið minnist hún á þegar bekkurinn hennar sýndi verk sem þau bjuggu til frá grunni. „Við vorum að sýna afrek okkar í Devised-verkinu sem við bjuggum til frá grunni á lokaárinu okkar. Mikið af listafólki kom á þessa sýningu og það var mikið stress í loftinu sem við höfðum ekki upplifað áður vegna þess að við vissum ekkert hvernig áhorfendur myndu upplifa hana. Þá tókum við hring og sögðum að það skipti ekki máli hvað þeim fyndist því við ætluðum að halda með þessari sýningu og standa saman."

### Stórt að fara í prufur fyrir leikarabraut

Áhugi Birtu á leiklist byrjaði mjög snemma en hún vissi aldrei hvað eða hvernig hún ætlaði að stunda hana. „Ég missti svolítið þráðinn þegar ég var í framhaldsskóla og var ekki lengur viss hvað ég vildi gera í lífinu. En ég fann mér mína leið í gegnum söngnám í Danmörku, lýðháskóla og Improv Ísland-námskeið og fleira til að átta mig á að þetta væri nákvæmlega það sem ég vildi gera."

„Það var markmið mitt að reyna að skapa mér reynslu eða allavega vitund á hvað leiklist væri og hvernig maður gæti unnið að henni áður en ég sótti um því mér fannst það svo stórt að fara í prufur fyrir leikarabrautina. Þá prófaði ég senunámskeið sem voru í boði, tók þátt í verkum hjá Leikfélagi Selfoss, sótti um Improv Íslandnámskeið og fullt annað sem gaf mér öryggi til að prófa og sjá hvort þetta væri eitthvað sem mig langaði í."

Birta segist ekki eiga neitt draumahlutverk en að hún hafi furðulega mikinn áhuga á manneskjunni og tilveru okkar allra í þessum heimi. Annars eru nokkur spennandi verkefni á döfinni hjá Birtu sem hún hlakkar til að vinna í.





# ÚTBOÐ

Hrunamannahreppur óskar eftir tilboðum í verkið: **Yfirborðsfrágangur 2025**

Verkið felur í sér að malbika 3 götur á Flúðum Hrunamannahreppi. Verktaki skal jafna út og þjappa yfirborði, samkvæmt kennisniðum og leggja burðarlag og malbik á götur.

Fullgera skal göturnar Iðjuslóð, Garðastíg og Ljónastíg með fullfrágengnu yfirborði gatnanna. Verklok eru 1. september 2025.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Styrktarlag | 455 m3 |
| Burðarlag | 802 m3 |
| Malbik | 7820 m2 |
| Vélsteyptur kantsteinn 150mm | 800 m |
| Sögun á malbiki | 528 m |

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 11. mars 2025. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Magnús Ólason hjá Eflu Suðurlandi með tölvupósti á netfangið mao@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps Akurgerði 6, 845 Flúðir fyrir kl. 11:00 föstudaginn 28. mars 2025, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**Sveitarstjórinn í Hrunamannahreppi**

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

*Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulagslýsing vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:*

1. **Hvammsvirkjun; Efnistökusvæði E26, aukin heimild; Aðalskipulagsbreyting – 2501068**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. mars 2025, skipulagslýsingu til kynningar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps er varðar auknar heimildir fyrir efnistöku úr námu E26 á aðal- og deiliskipulagsáætlana. Samkvæmt núverandi stefnumörkun er gert ráð fyrir allt að 500.000 m3 efnistöku sem verður 950.000 m3 eftir breytingu. Efnið verður fengið innan framkvæmdasvæðis Hvammsvirkjunar sem styttir efnisflutninga verulega og minni akstur eykur umferðaröryggi. Efnið verður jafnframt tekið af svæði sem búið er að heimila að raska með því að sökkva því undir inntakslón Hvammsvirkjunar. Efnistökusvæðin verða því lítt sýnileg að framkvæmdum loknum svo engin breyting verður á ásýndaráhrifum frá því sem búið er að heimila. Framkvæmdaraðili telur ólíklegt að finna aðra valkosti í nágrenninu sem bjóða upp á sama efnismagn með minni umhverfisáhrif. Aðgengi að efnistökusvæðunum er gott og eru skipulagðir vegir eða vinnuvegir að þeim. Efnistökusvæðin munu leggjast af eftir að Hvammslón verður tekið í notkun. Samhliða eru mörk á milli sveitarfélaga samræmd.

*Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:*

2. **Stórholt 2 L236857; Landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting – 2406093**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 5. febrúar 2025, að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Stórholts 2 L236857. Í breytingunni felst skilgreining á verslunar- og þjónustusvæði. Skipulagssvæðið er um 3,48 ha.

*Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:*

3. **Réttarholt L166586 Árnesi; Stækkun skólalóðar og byggingarreits og afmörkun fyrir rofahús; Deiliskipulagsbreyting – 2502070**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. mars 2025, að auglýsa breytingu deiliskipulags sem tekur til Réttarholts L166586. Í breytingunni felst stækkun lóðar og byggingarreits umhverfis skóla og íþróttahús. Jafnframt er skilgreind lóð fyrir rofahús rafveitu sunnan skólalóðar.

4. **Hraunbraut 1 L213339 og Skólabraut 8 L194470; Breytt skilgreining, stækkun lóðar og aukið byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting – 2502069**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. mars 2025, að auglýsa breytingu deiliskipulags sem tekur til Hraunbrautar 1 og Skólabrautar 8 innan þéttbýlisins að Borg. Í breytingunni felst stækkun lóðar og byggingarreits umhverfis Skólabraut 8 og að lóð Hraunbrautar 1 er breytt úr lóð fyrir einbýlishús í lóð fyrir raðhús.

5. **Laugarvatn L167638; Traustatún og Guststún; Deiliskipulagsbreyting – 2502062**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 5. mars 2025, að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til þéttbýlisins að Laugarvatni, nánar tiltekið lóðir við Traustatún, Herutún, Fáfnistún og Guststún. Komið hefur í ljós að vegna jarðvegsaðstæðna á hluta svæðisins þá eru lóðir ekki byggingarhæfar. Lóðir við Guststún og Fáfnistún eru því felldar út og gerð breyting á nokkrum lóðum við Traustatún og Herutún til að nýta landið undir byggingar, eftir því sem hægt er. Lóð við Garðstún 2 er stækkuð lítillega. Stærð skipulagssvæðis er 3,1 ha.

6. **Kerið 1 L172724; Skilmálabreytingar, lóðabreytingar og breytt byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting – 2502055**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. mars 2025, að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Kersins 1 L172724. Í breytingunni felst að lóð nr. 2 er felld niður og stærð og staðsetning lóða nr. 1 og 3 breytist. Einnig breytist og stækkar byggingarreitur á lóð nr. 1. Byggingamagn á lóð nr. 1 eykst um 250 m2, úr 1.000 m2 í 1.250 m2. Hámarkshæð byggingar hækkar úr 6 m í 8,5 m. Jafnframt er lögð fram tillaga um að lóðirnar innan deiliskipulagsins fái staðföngin Kervegur 2 og Kervegur 4.

7. **Vorhús L233199; Skilgreining lands, íbúðarhús, skemma og gestahús; Lögbýli; Deiliskipulag – 2502050**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. mars 2025, nýtt deiliskipulag til auglýsingar. Deiliskipulagið tekur til jarðarinnar Vorhús L233199 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Jörðin er 2,8 ha að stærð og á svæðinu eru engin mannvirki. Í deiliskipulaginu felst að heimilt verði að reisa þar íbúðarhús, skemmu/geymslu og gestahús. Í deiliskipulaginu eru skilgreindir byggingarreitir og byggingarheimildir innan þeirra.

8. **Stórholt 2 L236857; Verslun- og þjónusta; Deiliskipulag – 2412026**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 11. desember 2024, nýtt deiliskipulag til auglýsingar sem tekur til Stórholts 2 L236857. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustutengdri starfsemi innan reitsins í formi gistingar. Hámarks byggingarmagn innan reitsins er skilgreint allt að 1200 fm í formi allt að 500 fm gistihúss og allt að 14 stakstæðra gistihúsa. Samhliða er auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar þar sem skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði.

*Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi máls:*

9. **9. Vaðholt 2 L219744; Skilgreining landsvæðis; Aðalskipulagsbreyting – 2502068**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. mars 2025, að auglýsa óverulega breytingu á aðalskipulagi sem tekur til misræmis á milli skilmála gildandi deiliskipulags fyrir Vaðholt 2 L219744 og skilgreindrar landnotkunar samkvæmt. aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Samkvæmt breytingu á deiliskipulagi sem gerð var 2014 er gert ráð fyrir að lóðin sé landbúnaðarlóð þar sem ráðgert er að heimilt verði að stofna lögbýli. Samhliða var unnin óveruleg breyting á aðalskipulagi þar sem viðkomandi svæði var breytt úr frístundasvæði í landbúnaðarland. Við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins lenti lóðin aftur innan frístundasvæðis þrátt fyrir viðkomandi breytingar og gildandi deiliskipulag.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.
Mál 1 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 13. mars 2025 með athugasemdarfresti til og með 4. apríl 2025.
Mál 2 - 8 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 13. mars 2025 með athugasemdarfresti til og með 25. apríl 2025.
Mál 9 er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi.
Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

**Vigfús Þór Hróbjartsson**
**Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita**

# Fjörugur öskudagur á Selfossi

Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur í gær alls staðar á landinu. Blíðskaparveður var á Selfossi og því góðar aðstæður til að fara út og syngja fyrir nammi.

Mikill fjöldi krakka lagði leið sína til okkar hjá Dagskránni og sungu þeir eða sögðu brandara fyrir sælgæti. Algengustu lögin voru *Gamli Nói*, *Litalagið* og *Alúetta* en mörg önnur frumleg atriði komu inn á milli. Sumir krakkar lögðu mikinn metnað í atriðin sín og dönsuðu með söngnum.

Búningarnir voru fjölbreyttir og margir frumlegir. Það fór þó ekki á milli mála að VÆB-bræður hafi verið þeir vinsælustu þetta árið og voru mörg annað hvort klædd sem þeir eða sungu lagið þeirra *RÓA*.

Allir krakkar sem komu við hjá okkur í búning og sungu fengu mynd af sér.


















# Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

***Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi tillögur deiliskipulags/breytingar.***

**Miðbær Selfoss – Deiliskipulagsbreyting – 2405083**
Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 5.3.2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ Selfoss. Breytingar eru gerðar á uppdrætti og greinargerð útgáfu 04 , og eru þær í 17 liðum og nánar lýst í greinargerð (bls. 6-7), og á uppdrætti tillögunnar.

Vakin er athygli á breytingu eftir fyrri afgreiðslu skipulagsnefndar sem er eftirfarandi:

Á uppdrætti: Við Miðstræti 10-20 stendur núna: «a.m.k. 32 bílastæði í kjallara» og við Miðstræti 1-27: «a.m.k. 14 bílastæði í kjallara». Breytingar á töflum á bls. 15. Hætt er við að fjölga fermetrum í kjöllurum. Í töflum er sú breyting frá auglýstri tillögu að fermetrum er fækkað í Miðstræti 1-21 og 29-45 en aukið um 200fm í Miðstræti 10-20. Sú 30 bílastæða aukning í kjöllurum vestursvæðis sem var í auglýstri tillögu er því felld út.

**Miðtún 17 – Deiliskipulagsbreyting – 2412012**
Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 5.3.2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðtún 17 á Selfossi. Breytingin fellst í að lóðinni Miðtún 17a er skipt upp í tvær lóðir, sem verða Miðtún 17b og 17c. Á lóðunum verður heimilt að byggja íbúðir, annað hvort einbýlishús eða parhús. Aðkoma að lóðum verður frá Miðtúni að sunnanverðu og norðaustanverðu.

**Hellisland 36 – Deiliskipulag – 2001293**
Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 5.3.2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðalóðina Hellisland 36 á Selfossi. Tillagan gerir ráð fyrir núverandi íbúðarhúsi, auk heimildar til að byggja allt að 70m$^2$ aðstöðuhús á sama byggingarreit. Þá er gert ráð fyrir 2 lóðum undir íbúðarhús, allt að 150m$^2$
Kvöð er um akstur í gegnum lóðina Hellisland 36A, að lóðinni Hellislandi 36B.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is Skipulagstillagan er í auglýsingu frá 13. mars 2025, til og með 30. apríl 2025.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@arborg.is Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 30. apríl 2025.

**Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.**

Virðingarfyllst,
**Rúnar Guðmundsson**
skipulagsfulltrúi

prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun

Við prentum ljósmyndir

**honnun.prentmetoddi.is**

Pantað ljósmyndaprentun í öllum algengustu ljósmyndastærðunum




Hefur þú heyrt um kraftaverkasameindina sem getur veitt þér betri heilsu, látið þér líða betur og standa þig betur, bæði í og utan rúmsins ?
Nóbelsverðlaunatengd afurð.
Upplýsingar í síma 6950452 hjá Ástu



## VERKEFNASTJÓRI Í MARKAÐSTEYMI

Markaðsstofa Suðurlands

*Markaðsstofa Suðurlands leitar að metnaðarfullum og drífandi aðila til að vinna að markaðsmálum áfangastaðarins Suðurlands í samræmi við stefnu. Viðkomandi kemur að fjölmörgum og krefjandi verkefnum og verður hluti af skemmtilegum vinnustað. Starfið krefst ferðalaga um starfssvæðið og býður upp á sveigjanlegan vinnutíma.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Umsjón og þátttaka í markaðs- og kynningarmálum
- Miðlun upplýsinga og samskipti við hagsmunaaðila
- Ábyrgð og aðkoma að markvissri og lifandi stafrænni miðlun í gegnum vef og samfélagsmiðla
- Greiningar og eftirfylgni markaðsaðgerða
- Ráðgjöf til fyrirtækja og sveitarfélaga
- Þátttaka í fjölbreyttum verkefnum vinnustaðarins

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á ferðaþjónustu og landshlutanum
- Reynsla og þekking á markaðsmálum og mörkun
- Reynsla af greiningum, áætlanagerð, og eftirfylgni
- Góð þekking á vefumsjón, samfélagsmiðlum og stafrænni markaðssetningu
- Hugmyndaauðgi, frumkvæði og sjálfstæði auk nákvæmni í vinnubrögðum
- Rík hæfni til samskipta og samstarfs
- Góð tæknileg hæfni
- Mjög góð færni í íslensku og ensku
- Búseta á Suðurlandi æskileg

**Umsóknarfrestur er til og með 26. mars 2025**

Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá sem og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda.

**Markaðsstofa Suðurlands er samvinnuvettvangur ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja í ferðaþjónustu á Suðurlandi um ímyndarsköpun, þróun og markaðssetningu áfangastaðarins í heild.
Markaðsstofan markar stefnu fyrir ferðaþjónustu innan landshlutans í gegnum áfangastaðaáætlun ásamt því að sinna fjölþættu kynningarstarfi og ráðgjöf til fyrirtækja varðandi markaðssetningu.
Markaðsstofan kemur fram fyrir hönd landshlutans á ferðasýningum og -kynningum innanlands og erlendis og með því eru kynningarmál samhæfð, gerð skilvirkari auk þess að minnka kostnað.
Markaðsstofan sinnir hagsmunagæslu fyrir landshlutann þegar kemur að ferðamálum og á í góðu samstarfi við aðila innan svæðis, í öðrum landshlutum, ráðuneyti og opinberar stofnanir.
Markaðsstofan vinnur einnig að því að skapa þekkingu, miðla upplýsingum og styðja við nýsköpun í ferðamálum í landshlutanum.**

MÖGNUM

**Sótt er um starfið á www.mognum.is**
Nánari upplýsingar veitir:

Sigríður Ólafsdóttir I sigga@mognum.is

## ÞJÓNUSTA


BR FLUTNINGAR
S: 662-1122

**Daglegar ferðir**

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

**Ráð í rekstri !**

**Hjá Maddý ehf.**

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf skattskil

Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki

Persónuleg þjónusta


## HEILSA


Energy Touch
- Nudd
- Heildræn meðhöndlun

*Jákvæðar hugsanir breyta deginum*



Ragnhildur Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í íþróttafræðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, heilsunuddari, Hugræn atferlismeðferð, meta medicine.


## FÉLAGSSTÖRF

FEB SELFOSSI

**SKRIFSTOFA FEBSEL**

Opin fimmtudaginn
13. mars kl. 13:00-14:30

**OPIÐ HÚS**

Fim. 13. mars kl. 14:45

***LANGANESIÐ Í ÖÐRU LJÓSI***

*GÍSLI SKÚLASON SEGIR FRÁ*

*Kaffi 200 kr.*
*Kaffi og kökur 1500 kr.*

## FUNDIR

Krabbameinsfélagið

**OPNUNARTÍMAR**

**Mán. kl. 11-14**
*Opið hús*

**Þriðjud. kl. 14-16**
*Unga fólkið 18 til 45 ára*

**Miðvikudaga kl. 11-14**
*Opið hús*

**Fimmtudaga kl. 11-14**
*Upprekjur*

**Föstudaga kl. 11-14**
*Opið hús*

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

**Al-Anon Selfossi**
Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

**AA**
Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

**Polskie mitingi**
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

**AA Sporgöngufólk f. alla**
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**
**Bataleið frá meðvirkni**
Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

**CoDA-fundur / Meðvirkni**
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

**Leiðin út á þjóðveg**
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

## KIRKJA

**Torfastaðakirkja**
Fimmtudagur 13. mars kl. 20. Kvöldmessa á föstu þar sem við leggjum sérstaklega í hendur Guðs þau sem þjást vegna umferðaslysa. Sr. Kristin og Jón organisti þjóna.

**Skálholtsdómkirkja**
Sunnudagur 16. mars kl. 11. Messa fyrir alla aldurshópa, sr. Kristín, Bergþóra djákni og Jón dómorganisti þjóna
Kaffisopi á eftir. Innilega velkomin!
Morgunsöngur alla virka daga kl. 9.
Foreldramorgnar í Gestastofu miðvikudaga kl. 10-12.

**Mosfellskirkja**
Íhugun á föstu 19. mars kl. 19.30. Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir leiðir guðsþjónustu og íhugar Passíusálma Hallgríms Péturssonar. Jón Bjarnason leiðir söng og spil.

**Selfosskirkja**
Föstudaginn 14. mars verður Fjölskyldubingó Æskó kl. 17:00-18:30. Öll innilega velkomin! Sjoppa verður á staðnum.
Sunnudaginn 16. mars verður Messa klukkan 11:00. Unglingakórinn syngur okkur inn, Edit leikur á orgelið og kirkjukórinn leiðir sönginn. Séra Ása Björk þjónar. Kökubasar Unglingakórsins verður eftir messuna.
Sunnudagaskólinn verður kl. 11:00 í umsjá Sjafnar og leiðtoganna.
Mánudaginn 17. mars hefst Kórskólinn að nýju. Sjá upplýsingar á selfosskirkja.is.
Þriðjudaginn 18. er Kyrrðarbæn kl. 12:00.
Þriðjudagssamveran er kl. 14:00. Gestur okkar er Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur. Þetta er síðasta þriðjudagssamvera þessa misseris.
Miðvikudaginn 19. er Morgunbæn með kaffisopa á eftir, klukkan 10:00.
Krílasálmar kl. 10:30.
Foreldramorgnar kl 11-12:30.

**Villingaholtskirkja**
Messa klukkan 14:00. Organisti er Guðmundur Eiríksson, kirkjukórinn leiðir sönginn og séra Ása Björk þjónar.

## FUNDIR

**Vöfflukaffi**

Það verður vöfflukaffi hjá Framsókn á Eyrarveginum kl. 11 nk. laugardag. Enginn sérstakur gestur að þessu sinni en við minnum á að maður er manns gaman.

**AÐALFUNDARBOÐ**

Aðalfundar Þingborgar svf. verður haldinn í Gömlu Þingborg fimmtudaginn 27. mars kl. 16:55. Efni fundarins er venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál.
*Stjórnin.*

ERTU AÐ GRÍNAST með þinn lífsstíl?

# Lífsstíll er forvörn

Að minnsta kosti eitt af hverjum þremur krabbameinstilvikum er talið tengjast lífsvenjum fólks. Þó að ekki sé hægt að tryggja sig gegn því að fá krabbamein er hægt að draga úr líkunum með heilsusamlegum lífsvenjum.

**Hreyfing** getur haft verndandi áhrif gegn myndun krabbameins vegna þeirra áhrifa sem áreynsla hefur á margvísleg líffræðileg ferli í líkamanum. Meðal þeirra eru áhrif á blóðsykursgildi, insúlín og tengd hormón, kynhormón, bólgu- og ónæmisviðbrögð en öll hafa þessi ferli áhrif á krabbameinsáhættu. Hreyfing stuðlar einnig að heilsusamlegri líkamsþyngd sem aftur hefur viðbótaráhrif til að draga úr krabbameinsáhættu.

**Holt mataræði** felur í sér hæfilegt magn af fjölbreyttum fæðutegundum sem veita alla þá orku og næringarefni sem líkaminn þarf á að halda. Ekki er ráðlagt að nota fæðubótarefni sem forvörn gegn krabbameinum heldur að borða næringarríka fæðu sem inniheldur m.a. selen (sem m.a. er í fiski), lýkópen (sem m.a. er í tómötum) og D-vítamín (sem m.a. er í feitum fiski og lýsi). Sé fólk í krabbameinsmeðferð er mikilvægt að hafa í huga að taka engin bætiefni fyrr en búið er að fá álit læknis þar sem komið hefur í ljós að sum þeirra geta truflað krabbameinsmeðferð.

MOTTUMARS

Neysla áfengis getur valdið a.m.k. sjö mismunandi tegundum krabbameina: í munni, vélinda, koki, barkakýli, lifur, brjóstum og ristli og endaþarmi. Tóbaksreykingar samhliða áfengisdrykkju eru sérlega varhugaverð blanda sem margfaldar krabbameinsáhættu, þ.e. áhættan verður meiri en samanlögð áhættan af reykingum og áfengi. Áfengisdrykkja auðveldar vefjunum í munni og koki að taka upp krabbameinsvaldandi efni úr tóbaksreyknum. Fólk sem bæði reykir og drekkur er í sérstaklega mikilli hættu á að fá krabbamein í munni, koki og vélinda

Í ár er áhersla **Mottumars** á tenginguna á milli lífsstíls og krabbameina. Krabbameinsfélagið vill í Mottumars vekja athygli á að bæði óheilbrigðar og heilbrigðar lífsvenjur verða til á löngum tíma. Skilaboðin eru einföld. Lífsstíll er ekkert til að grínast með, hann er þvert á móti dauðans alvara.

*Efni fengið af vef Krabbameinsfélags Íslands*


DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Viltu vekja athygli á Suðurlandi?**

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is






prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.




Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA

# Snúið til betri vegar

*Bragi Bjarnason*

*Bæjarstjóri og oddviti sjálfstæðisflokksins í Árborg*



Hluti af góðri stjórnsýslu sveitarfélaga er að upplýsa íbúa. Það á meðal annars við um þjónustu sem er í boði eða mikilvæg verkefni sem snerta hag okkar íbúa. Í Sveitarfélaginu Árborg höfum við verið í stóru verkefni undanfarin þrjú ár við að snúa verulegum hallarekstri til betri vegar. Undirritaður hefur skrifað nokkra upplýsingapistla á þessum tíma og geri slíkt áfram með það að markmiði að upplýsa íbúa og áhugasama um árangurinn og stöðu mála í dag.

## Brú til betri vegar

Frá upphafi kjörtímabils, um mitt ár 2022, hefur markmið bæjarstjórnar verið að endurskipuleggja rekstur sveitarfélagsins. Eftir að hafa greint stöðuna betur og hvað þyrfti að bæta, var lagt af stað vorið 2023 undir slagorðinu „Brú til betri vegar". Gerð var aðgerðaáætlun um forgangsröðun fjármuna, hagræðingu, minni lántöku og tekjuaukandi aðgerðir sem áttu að skila sveitarfélaginu jákvæðri rekstrarniðurstöðu á næstu árum. Á þessum tíma var lausafjárstaða sveitarfélagsins grafalvarleg og þurfti að bregðast við hratt og vel.

Aðgerðir fólust m.a. í fækkun stöðugilda, hagræðingu í daglegum rekstri, frestun og forgangsröðun framkvæmda, skammtímalántöku til að brúa lausafjárvanda, sölu eigna og lóða, endurskoðun gjaldskráa og álagningu á útsvar. Allt eru þetta aðgerðir sem gripið var til svo snúa mætti frá hallarekstri á fremur skömmum tíma en um leið viðhalda grunnþjónustu við íbúa.

## Aðgerðir að skila árangri

Af fullri auðmýkt er hægt að staðhæfa að þær erfiðu aðgerðir sem samþykkt var að fara í séu að skila árangri. Samstillt átak kjörinna fulltrúa, starfsmanna og íbúa hefur í raun skilað sveitarfélaginu betri niðurstöðu en áætlanir gerðu ráð fyrir. Líkt og mynd 1 sýnir hefur rekstrinum verið snúið til jákvæðrar niðurstöðu og er hún umtalsverð á árinu 2024. Slíkt mætir uppsöfnuðum hallarekstri og lántöku áranna á undan.

Það kom fram í máli ráðgjafa KPMG á kynningarfundi fjárhagsáætlunar í desember 2024 að Sveitarfélaginu Árborg hafi tekist á skemmri tíma en áætlað var að ná lögbundnu skuldaviðmiði og þriggja ára rekstrarjöfnuði. Þetta eru þeir tveir þættir sem sveitarfélög eiga að standast samkvæmt lögum. Enn er þó verk fyrir höndum og áfram þarf að bæta daglegan rekstur. Jákvætt er að kjarasamningar hafi náðst við fagstéttir á undanförnu ári og núna síðast við kennarasambandið. Í framhaldinu þarf að vinna að aðgerðum til að mæta kostnaðaraukningu án hækkunar gjalda eða álaga á íbúa. Verkefnum af þessum toga er sjaldnast lokið enda hlutverk bæjarfulltrúa að farið sé vel og af ábyrgð með almannafé.

Þróun skuldaviðmiðs Árborgar sést vel á mynd 2. Til framtíðar stefnum við að því að það sé sem næst 100 prósent. Þannig sparast fjármunir í vaxtagreiðslur og nýtast í aðra þjónustu eða uppbyggingu.

## Erfitt að auka álögur

Kerfið er á margan hátt sérstakt og ég get ekki verið ánægður með það fyrirkomulag sem sveitarfélagið verður að fylgja vegna greiðslu álags á útsvarið. Þetta er engu að síður nauðsynleg ákvörðun sem skilaði sveitarfélaginu um einum milljarði í tekjur árið 2024. Tilgangurinn með slíku álagi er að tryggja lögbundna grunnþjónustu ásamt því að styrkja rekstur sveitarfélagsins til framtíðar í þeirri viðleitni að íbúar þurfi ekki að greiða upp skuldir fortíðar á þennan hátt.

Það er auðvitað nokkuð sérstök staða sem við íbúar erum sett í, að greiða aukið álag næstum tveimur árum eftir að ákvörðun var tekin um slíkt í bæjarstjórn. Við fögnum áfangasigri þar sem þeir fjármunir hafa nýst við endurreisn fjárhags sveitarfélagsins. En við megum bara aldrei koma okkur í svona stöðu aftur. Raunveruleikinn fyrir okkur íbúa er engu síður sá að álagið greiðist eftir á við uppgjör skattsins frá 1. júní 2025. Greiðslurnar dreifast þó á allt að sjö mánuði og eru greiddar sjálfkrafa við launaútborgun.

Eitt kjörtímabil er stuttur tími í rekstri sveitarfélags. Áherslur bæjarstjórnar geta breyst með nýju fólki. Meirihluti Sjálfstæðisflokksins og Áfram Árborgar hefur skýrt markmið; snúa rekstri sveitarfélagsins til betri vegar og er það markmið að nást.

Ég vona innilega að lærdómur okkar á undanförnum árum og vel heppnaðar breytingar á verkferlum verði til þess að Sveitarfélagið Árborg þurfi ekki auka skattlagningu á íbúa til að standa undir þjónustu sem því ber að veita - óháð því hvaða einstaklingar standa í brúnni.




*Mynd 1: Rekstrarniðurstaða Árborgar 2016-2023, A- og B-hluti ásamt áætlun til 2028.*




*Mynd 2: Skuldaviðmið (rauð lína) og -hlutfall (blá lína).*

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2793 Fimmtudagur 13. mars 2025



# Kröfu Náttúrugriða um ógildingu hafnað

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur hafnað kröfu um að ógilda ákvörðun Orkustofnunar um að veita Landsvirkjun virkjunarleyfi vegna Búrfellslundar, 120 MW vindorkuvers við Vaðöldu í Rangárþingi ytra.

Orkustofnun veitti virkjunarleyfið í ágúst á síðasta ári, en í september kærðu samtökin Náttúrugrið þá ákvörðun og kröfðust þess að hún yrði felld úr gildi. Samtökin töldu meðal annars að þátttökuréttur almennings við mat á áhrifum framkvæmdar og áætlana á óbyggð víðerni og lögbundið valkostamat hafi ekki samrýmst löggjöf um mat á umhverfisáhrifum.

Í niðurstöðum sínum segir meirihluti úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála að ekki yrði séð að neinir þeir annmarkar lægju fyrir sem raskað gætu gildi ákvörðunar Orkustofnunar.

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR
S: 692-2575
800 SMÍÐI EHF.
KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

STÍFLULOSUN SUÐURLANDS
Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun
Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

ALHLIÐA BYGGINGA-VERKTAKAR
848 0964 GÍSLI
899 0979 ÖRN
GBHUSEHF@GMAIL.COM
GB HÚS SÍMI: 848-0964

Ökukennsla
Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798
Beinskiptur / Sjálfskiptur bíll



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Josera
BRAGÐ AF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

800 LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir



TRS
Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ▪ www.trs.is



Bílasprautun - Bíláréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



Áreiðanlegir pípulagningaverktakar
NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR
Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir
Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

Stífluþjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
YFIR 20 ÁRA REYNSLA
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is